

Hin nýu vísindi

og vandræði nútímaus.

—o—

I.

Þýpsta rót þeirra vandræða sem mannkynið á nú í, er sú, að ekki hefir verið þegin sú byrjun til þekkingarauka, sem eg hefði fundið. Ekki geri eg það að gamni mínu að segja þetta; en það verður fleira að gera en gott þykir, og jafnvel þó að eg tryði á helvíti eins og trúað var á miðöldunum, þá mundi eg hiklaust strengja þess heit, að eg skyldi vera á svo vondum stað um aldir alda, ef svo reyndist, að eg hefði sagt þetta ósatt. Og nú geta menn gert tilraun, sem miðar í þá átt að sanna mál mitt, og auðvelda má kalla hjá ýmsu því sem fyrir liggur, ef tilraunin verður ekki gerð. Breyti menn öllum kirkjum landsins í sambandsstöðvar slíkar sem eg

hefi oft á minst. Hugarfarsbreyting er það sem verður að byrja á. Menn verða að eignast nokkrar réttari og gleggri hugmyndir um aðalatriði tilverunnar en áður. Eitt er þar á þessa leið. Það er alveg rétt að markmið tilverunnar er farsæld, og það er mesta þvaður að sú lífskoðun sé lág og niðrandi.¹⁾ En farsældin verður að vera rétt fengin; að öðrum kosti verður hún ekki traust og fullkomin. Og sérstaklega ariðandi er að gera sér ljóst, að einskis farsæld getur örugg orðið, meðan nokkur er ófarsæll, enginn getur farsæll orðið til fulls, fyr en allir eru það. Alt mannkyn, alt líf, verður að samþettast og samræmast fullkomlega. Því lengra sem komist er á þeirri leið, því betur ná menn tökum á öflum náttúrunnar. En tilgangur lífsins er, að gera að veruleika eða framkvæma, alla möguleika tilverunnar til góðs. Vitandi um slíkt, eiga menn að koma í kirkjurnar, og allir samhuga um þá einlægu ósk, að samband náist við æðri verur, svo að fyrir þeirra tilstyrk verði aukist að afli og víti. Vandasamara viðfangs er það, að menn verða að vera öruggir í að vita, að þessar æðri verur eiga heima á jarðstjörnum. Hafa sumar þeirra hér á jörðu

1) Sbr. ritgerð sem einhvertíma kemur og heitir: The indicative value of sentiment (Hvað tilfinningarnar þýða .

lifað og dáð, en lifa þó þar lík-
amlegu lífi, engu síður en vér
hérna, þó að þeirra líf sé full-
komnara miklu, vitska, kraftur
og góðleiki langtum framar.

II.

Það er fjarri mér að ætla að
hiðja menn að litilsvirða spá-
menn Gyðinga eða rit, eða þær
æðri verur sem þar er verið að
kenna mönnum að trúa á. En
þó eru nokkrar breytingar sem
vér verðum að gera, ef vér vilj-
um meta sannleikann mest, og
tilganginum með þessari sam-
bandsviðleitni á að verða náð.
Það verður að hætta að tala um
rit Gyðinga sem guðs orð (þ. e.
orð hinnar æðstu veru) — án
þess þó að mér komi til hugar
að halda því fram að kenningin
um innblástur (inspiration)
hafi við ekkert að styðjast. Og
þó að það sé rétt að meta spá-
menn þeirrar þjóðar mikils, þá
megum vér ekki kalla jafnvel
þann af þeim sem frægastur
hefir orðið, drottin vorn. Eng-
inn maður sem hér á jörðu hef-
ir lifað, hefir verið svo full-
kominn, að hann hafi eftir
dauðann orðið þesskonar véra
sem kalla mætti guð. Þjóðirnar
hafa á ýmsum öldum haldið
þetta um ýmsa menn, þó að
eitt dæmi sé kunnast. En þó
var einnig þar um misskilning
að ræða. Og Íslendingar ættu
að hafa forgöngu í að leiðrétta
þann misskilning. Fortíð vor
bendir til þess að vér getum
það.

III.

Þegar menn væru farnir að
koma saman á þann hátt sem
hér er reynt að fá þá til að gera,
þá mundi fyrst af því leiða, að
þeim liði betur en áður. Það
mundi geta orðið nokkuð líkt
og áhrif af mjög góðu vini, en
þó miklu betra, því að um enga
sljógvun væri að ræða eða ill
eftirköst. Mönnum færi að
koma ýmislegt betra í hug en
áður, og þeir færu að sjá hvern-
ig komast mætti fram úr vand-
ræðum, sem áður virtust ósigr-
andi. Þannig mundu lýsa sér
hin auknu áhrif frá æðri ver-
um. Og því betur sem lærðist að
halda slíkar samkomur, því
greinilegra mundi verða sam-
bandið við hið fullkomnara
fólk. Nú er svo komið, að menn
geta með raftækjum, sannköll-
uðum furðuvélum, fengið að
heyra ræður og söng úr fjar-
lægum stöðum, jafnvel öðrum
löndum og heimsálfum. En
þegar tímar liðu fram, mundu
menn á stjörnusambandsstöðv-
unum geta fengið að heyra ræð-
ur og söng, sem ennþá lengra
væri að komið en jafnvel frá
öðrum löndum og álfum jarðar
vorrar, og langt mundi taka
fram jafnvel því besta, sem
þaðan væri að heyra. Og væri
þessi sambandsviðleitni tekið
upp af einlægni um alt land,
mundu áhrifin einnig fljótt
koma fram í batnandi tíðarfari,
minkandi slysi, aukinni þjóð-
argiftu á alla lund.

6. febr. '31.

Helgi Pjeturss.